

# Orkuveita Húsavíkur ohf.

---

Ársreikningur

---

**2018**

Orkuveita Húsavíkur ohf.  
Ketilsbraut 7-9  
640 Húsavík  
kt. 641195-2359

---

# Orkuveita Húsavíkur ohf.

---

Ársreikningur

---

**2018**

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4-8
Rekstrarreikningur	9
Efnahagsreikningur	10
Yfirlit um sjóðstreymi	11
Skýringar	12-22

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa í Orkuveitu Húsavíkur ohf.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Orkuveitu Húsavíkur ohf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við gefum ekkert form af staðfestingum eða ályktunum vegna þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur í álitskafla okkar hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Orkuveitu Húsavíkur ohf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

# Áritun óháðs endurskoðanda


---

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalfals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Húsavík, 30. apríl 2019

Deloitte ehf.



Ragnar Johann Jonsson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

## MEGINSTARFSEMI FÉLAGSINS

Í samþykktum Orkuveitu Húsavíkur ohf. kemur fram að tilgangur félagsins sé orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfssemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

## STARFSEMI Á ÁRINU 2018

Starfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf var með nokkuð hefðbundnum hætti á síðasta rekstrarári, en verkefni ársins 2018 fólust að stórum hluta í uppbyggingu veitumannvirkja vegna Sjóbaða ehf á Húsavíkurhöfða, sem hóf rekstur á síðari hluta ársins. Upphaflega var gert ráð fyrir opnun sjóbaða í byrjun júní og var allt kapp lagt á að klára veitutengingar á Höfða fyrir þann tíma. Seinkun vegna tafa við byggingu baðaðstöðunnar varð þess þó valdandi að hún var ekki opnuð fyrr en í byrjun september. Veiturekstur í tengslum við sjóböðin hefur farið vel af stað og tiltölulega hnökralaus rekstur er á veitumannvirkjum OH þeim tengdum.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur ohf. var hækkuð frá og með 1. júní 2018 til samræmis við hækkun vísitölu frá janúar 2016, en þá var síðast ráðist í breytingar á gjaldskrá OH. Heildarhækkun gjaldskrárlíða nam þó aðeins um 1,9% og var sú ákvörðun tekin í stjórn félagsins með það að markmiði að sem minnstri hækkun yrði velt yfir á notendur veitunnar. Þessi ákvörðun var tekin þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar í máli GR gegn OH þar sem staðfest var að það auðlindagjald sem OH greiðir fyrir heitt vatn frá Hveravöllum skuli áfram tengt olíuverði sem er íþyngjandi fyrir rekstur veitunnar.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018 var sú ákvörðun tekin í sveitarstjórn Norðurþings að gjaldstofnar vatns- og fráveitugjalda í fasteignagjöldum skyldu lækkaðir í 0,1% af fasteignamati eigna. Tilgangur þeirrar lækkunar var að mæta umtalsverðri hækkun fasteignamats eigna á Húsavík. Tekjurýrnun OH vegna þessara aðgerða varð þó nokkur, en til mótvægis við þær voru arðgreiðslur OH til Norðurþings felldar niður, en þær hafa numið um 100 m.kr. árlega. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 var svo tekin ákvörðun um að þessi gjöld skyldu ekki hækkuð til fyrra horfs að svo stöddu.

## HITAVEITA

### *Nýframkvæmdir*

Helstu nýframkvæmdir í tengslum við hitaveitur félagsins sem ráðist var í á árinu voru vegna uppbyggingar á starfsemi sjóbaða á Húsavíkurhöfða, en Orkuveita Húsavíkur ohf er eignaraðili að Sjóböðum ehf, félags sem stofnað var í tengslum við reksturinn. Framkvæmdir við tengingu veitulagna frá þeim nýtingarholum sem ætlaðar eru til reksturs baðaðstöðunnar hófust í upphafi árs 2018 með tengingu við holu HU-01 á Húsavíkurhöfða, en þeim lauk samhliða 1. áfanga gatnagerðar á Höfða í júlí sama ár þegar veitulögn frá holu FE-01 á Norðurgarði var komið í jörðu.

Rekstur sjóbaðanna hefur farið nokkuð vel af stað, en til þeirrar starfsemi er veitt u.þ.b. 12-15 l/s af ca. 30°C heitum jarðsjó úr holu FE-01 á Norðurgarði ásamt u.þ.b. 5-7 l/s af 101°C heitu vatni úr holu HU-01 á Húsavíkurhöfða sem nýtt er til upphitunar baðvatnsins.

Stofnkostnaður OH vegna þessara framkvæmda nemur um 60 m.kr. en skv. samningi við Sjóböð ehf sem undirritaður hefur verið, er gert ráð fyrir að hann greiðist til baka á u.þ.b. 12 árum í formi vatnsgjalda.

Ýtt hefur verið út af borðinu áformum um lagningu hitaveitu í Kelduhverfi, en gert er ráð fyrir að þær framkvæmdir sem þegar hafa verið eignfærðar vegna verkefnisins verði afskrifaðar í bókum félagsins. Til þess að kanna áhuga fasteignaeigenda á fyrirhuguðu veitusvæði var farið fram á skuldbindandi yfirlýsingu frá þeim sem hefðu hug á því að taka inn hitaveitu ef af verkefninu yrði. Í ljós kom að aðeins lítil minnihluti fasteignaeigenda á svæðinu voru tilbúnir til þess að staðfesta þátttöku og því var tekin sú ákvörðun í stjórn félagsins að hætta öllum áformum um verkefnið í bili a.m.k, en endurskoða þá ákvörðun síðar ef forsendur breyttust.

# Skýrsla stjórnar

## Viðhaldsframkvæmdir

Viðhaldsframkvæmdum var sinnt í tengslum við bilanir í veitukerfum þegar þær komu upp, en engar stórar eða óvæntar bilanir urðu þó í tengslum við rekstur hitaveitna á árinu. Þó er vert að nefna að upp kom leki á yfirprýstri stofnlögn hitaveitu frá Hveravöllum til Húsavíkur vegna staðbundinnar tæringar og fór bráðabirgðaviðgerð á henni fram síðasta sumar. Undirbúningur fullnaðarviðgerðar stendur yfir og verður ráðist í þá framkvæmd næsta sumar.

Í Aðaldal fór fram endurnýjun á hluta tveggja, töluvert langra heimtauga, annars vegar að Syðra Fjalli og hins vegar að Ytra Fjalli og gekk sú vinna að óskum.

Endurnýjaðar voru stofnlagnir og heimtaugar samhliða 1. áfanga gatnaframkvæmda á Höfða, en þar er um að ræða austasta hluta iðnaðarsvæðis á Höfða, frá vinnubúðum Munck á Höfða að Cape Hotel.

## Heitavatnssala

Sala á heitu vatni skiptist annars vegar í sölu vegna vatns til snjóbræðslu og iðnaðarnota sem ber 24% vsk og hins vegar vatns til almennrar notkunar sem ber 11% vsk.

Vatn til snjóbræðslu og iðnaðar		Vatn til almennrar notkunar	
Þjónustugjald	0,02 m.kr.	Heimlögn	3,50 m.kr.
Hemlagjald – fast gjald	6,14 m.kr.	Þjónustugjald	1,16 m.kr.
Rúmmetragjald	10,81 m.kr.	Rúmmetragjald	187,82 m.kr.
Fastagjald	0,33 m.kr.	Fastagjald	20,34 m.kr.
<b>Samtals</b>	<b>17,30 m.kr.</b>	<b>Samtals</b>	<b>212,78 m.kr.</b>

Heildartekjur ársins 2018 vegna hitaveitutengdrar starfsemi námu kr. 230.696.767.

Á árinu 2018 voru seldir 2.015.706 m<sup>3</sup> af heitu vatni en til samanburðar nam selt vatnsmagn árið á undan 1.742.022 m<sup>3</sup>. Sölutölur ársins 2017 voru til samanburðar 194,0 m.kr. og námu fastar tekjur um 19,4 m.kr.

## VATNSVEITA

### Nýframkvæmdir

Endurnýjaðar voru stofnlagnir ásamt heimtaugum neysluvatns samhliða 1. áfanga gatnaframkvæmda á Höfða. Samhangandi þeim framkvæmdum var einnig lögð stofnlögn neyslu- og slökkvivatns að sjóböðum á Höfða og í tengslum við þá framkvæmd var einnig reist dæluhús á N-A hluta Höfða svo tryggja mætti nægan vatnsþrýsting að baðaðstöðunni.

### Viðhaldsframkvæmdir

Nokkuð stór bilun kom upp í stofnæð vatnsveitu á Húsavík þegar gömul pottlögn fór í sundur á svokölluðu „jólátréstorgi“ í miðbæ Húsavíkur. Ekki reyndist unnt að loka fyrir rennsli um lögnina um leið og bilunin kom í ljós vegna starfsemi GPG Seafood sem fær vatn til sinnar starfsemi um umrædda stofnæð. Viðgerð fór því ekki fram fyrir en um nokkru eftir að bilunar varð vart og hægt var að loka fyrir vatnið, en tjónið sem hlaut af biluninni vegna áður nefndra tafa varð umtalsvert. Viðgerð gekk þó vel og var stofnæðin endurnýjuð að hluta.

Aðrar bilanir tengdum vatnsveitum voru minniháttar og auðleystar.

Af fasteignum í Norðurþingi er greitt vatnsgjald sem innheimt er með fasteignagjöldum. Fyrirtæki á svæðinu greiða auk þess fyrir mælda vatnsnotkun.

# Skýrsla stjórnar

Kalt vatn til iðnaðar		Kalt vatn til almennra nota	
Þjónustugjald	0,014 m.kr.	Vatnsgjald	61,95 m.kr.
Rúmmetragjald	16,63 m.kr.	Heimlögn	2,95 m.kr.
Fastagjald	0,828 m.kr.	<b>Samtals</b>	<b>64,91 m.kr.</b>
<b>Samtals</b>	<b>17,47 m.kr.</b>		

Heildartekjur ársins 2018 vegna neysluvatns námu kr. 82.360.963 en voru um 93,1 m.kr. árið á undan.

Árið 2018 voru seldir til iðnaðar um 1.163.006 m<sup>3</sup> af köldu vatni, samanborið við 1.027.434 m<sup>3</sup> árið 2017.

## FRÁVEITA

### Nýframkvæmdir

Lagður var stofn fráveitu í tengslum við byggingu sjóbaða á Höfða, en við val á sverleika lagna og brunna var einnig gert ráð fyrir byggingu hótels sem fyrirhuguð er á því svæði.

Ráðist var í framkvæmdir í Breiðagerði/Þverholti í lok ársins við aðskilnað fráveitu og yfirborðsvatns, en þrátt fyrir að við byggingu þeirra húsa sem standa við Urðargerði, Brúnagerði og Steinagerði, hafi á sínum tíma verið gerð krafa um tvöfalt kerfi fráveitulagna, var yfirborðsvatni veitt inn í fráveitukerfi við gatnamót Breiðagerðis og Þverholts. Eftir aðskilnað þessara kerfa er ofanvatni frá húsbökum, bílastæðum og niðurföllum þessa hverfis leitt út í Skógargerðislæk, en fráveituvatni, eftir sem áður niður Þverholt og inn á stofnlögn í Stangarbakka.

### Viðhaldsframkvæmdir

Til viðbótar við minniháttar viðhaldsframkvæmdir á fráveitukerfum voru endurnýjaðar stofnlagnir og heimtaugar að fasteignum á austurhluta Höfða í tengslum við 1. áfanga gatnaframkvæmda á Höfða.

Gjöld vegna fráveitu eru innheimt með fasteignagjöldum. Tekjur ársins 2018 námu kr. 45.997.863 en voru 64,7 m.kr. árið á undan.

## RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

### Efnarannsóknir

Stjórn OH samþykkti á árinu að farið yrði í rannsóknir á efnainnihaldi jarðvökva frá Hveravöllum sem nýttur er til hitaveitu á Húsavík.

Stefnt er að sýnatökum úr öllum nýtingarholum OH á Hveravöllum á árinu 2019, en samhliða því verði tekið blandsýni í orkustöð félagsins við Hrísmóa 1. Árlega verður svo aðeins tekið blandsýni í orkustöð nema efnabreytingar þar gefi tilefni til endurtekinna staðbundinna efnagreininga jarðvökva úr borholum á Hveravöllum.

### Aðskilnaður yfirborðsvatns úr fráveitukerfum

Aðskilnaður fráveitu og yfirborðsvatns á Húsavík er verkefni sem unnið hefur verið að jafnt og þétt á árinu, en mikilvægi þess að unnið verði áfram í þá átt færast sífellt ofar á forgangslista Orkuveitu Húsavíkur. Búið er að kortleggja og meta vatnsmestu innstreymi ofanvatns í fráveitukerfið og teikna gróflega upp aðgerðar- og kostnaðaráætlun til þess að bregðast við því.

Hafinn er undirbúningur að lagningu safnlagnar yfirborðsvatns eftir Stangarbakka og mun sú lögn í framtíðinni taka við öllu því yfirborðsvatni frá þéttbýli Húsavíkur sem ekki verður hægt að fella að blá-grænum lausnum tengdum veitumálum yfirborðsvatns. Safnlögnin verður lögð frá svokallaðri „Kastvatnslöpp“ við gatnamót Stangarbakka og Þverholts, að Búðarargili og mun yfirborðsvatninu sem hún flytur verða veitt út í nýjan farveg Búðarár í Stangarbakkaflöru.

# Skýrsla stjórnar

## Orkustöð OH

Unnið hefur verið jöfnum höndum að gerð samkeppnislýsingar vegna fyrirhugaðrar nýtingar á heitu vatni til raforkuframleiðslu í orkustöð OH að Hrísmóum 1. Hugverkið hefur tekið þó nokkrum breytingum frá því lagt var af stað í þessa vinnu, en höfundar eru nokkuð ánægðir með afraksturinn, nú þegar verkið hefur verið sent út til áhugasamra aðila. Við upphaf vinnunnar var horft til þess að farin yrði svokölluð BOT-leið (Build-Operate-Transfer) sem felst í því að samið yrði við áhugasaman aðila um uppsetningu vélbúnaðar í stöðinni sem byggir á þekktri framleiðslutækni til raforkuframleiðslu úr lágvarma, rekstur stöðvarinnar í fyrirfram ákveðinn tíma og afhendingu stöðvarinnar með öllu sem henni fylgir í lok samningstímans. Síðan vinna hófst við gerð samkeppnislýsingar hefur það markmið tekið nokkrum breytingum og er lagt upp með að fá upp á borðið hugmyndir frá áhugasömum aðilum á eins víðum grunni og mögulegt er, en dómnafnd mun fara yfir innsendar tillögur og taka afstöðu til þeirra.

## Jarðhitaleit í Norðurþingi

Að margra mati er löngu tímabært að farið verði af stað í markvissa jarðhitaleit í landi Norðurþings með það að markmiði að auka rekstraröryggi Orkuveitu Húsavíkur og þegar fram í sækir, leita leiða til þess að lækka kostnað veitunnar og notenda hennar.

Staðfest hefur verið með dómi Hæstaréttar í máli OH gegn GR að tenging auðlindagjalda veitna við olúverð sé til samræmis við Íslensk lög og því ljóst að Orkuveita Húsavíkur greiðir eitt hæsta auðlindagjald allra veitna sem starfandi eru á Íslandi. Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar og ekki síður þeirrar staðreyndar að OH er að öllu leiti háð eignaraðilum nýtingarsvæða félagsins með orkuöflun, væri skynsamlegt að kanna þann álitlega möguleika að félagið gæti að einhverju eða öllu leiti orðið sjálfbært og öðrum óháð með þá orku sem virkjuð er á vegum félagsins og dreift til notenda.

## Borun eftir heitu vatni á Höfða

Framkvæmdir í tengslum við sjóböð á Húsavíkurhöfða leiddu í ljós áður óþekkta sprungu sem líklega liggur austur-vestur yfir Húsavíkurhöfða og tengist holu FE-01 við Norðurgarð (Dönsku laug), en sjór úr þeirri holu er nýttur sem baðsjór í sjóböðum á Höfða. Með borunum á höfðanum væri því mögulegt að sækja jarðsjó til notkunar í sjóböðum, mun nær notandanum en nú er gert og auka með því nýtingarmöguleika á heitum jarðsjó, t.d. til snjóbræðslu á hafnarsvæðinu. Íslenskum Orkurannsóknnum var fengið það hlutverk að meta þennan möguleika og skv. þeirri niðurstöðu sem nú liggur fyrir eru góðar líkur á að boranir geti skilað vænlegri niðurstöðu. Ekki hefur þó verið tekin ákvörðun um framhald verkefnisins.

## SAMTÖK OG HLUTDEILDARFÉLÖG

Orkuveita Húsavíkur ohf. er aðili að félagasamtökum og á hlutdeild í félögum sem hér segir:

<u>Félag/Félagasamtök</u>	<u>Eignahlutur</u>
• Samorka -- Samtök orku- og veitufyrirtækja	Aðild
• Eimur -- Samstarfsverkefni um orkunýtingu á N-A landi	Aðild (9%)
• Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs hf -- Dótturfélag OH	50,77%
• Hrafnabjargavirkjun hf -- Orkunýting í Skjálfandafjótí	48,75%
• Íslensk Orka ehf -- Orkuöflun og nýting í Öxarfirði	31,45%
• Sjóböð ehf -- Rekstur aðstöðu til sjóbaða á Húsavík	13,78%
• Mýsköpun ehf -- Stuðningur við atvinnuþróun og nýsköpun	5,00%



# Skýrsla stjórnar

---

## MANNAUÐSMÁL

Starfsmannahald Orkuveitu Húsavíkur ohf var með óbreyttu sniði frá fyrra rekstrarári og eru starfsmen OH fimm talsins, tveir á skrifstofu félagsins en þrír sem sinna viðhaldi, nýframkvæmdum og öðrum verkefnum á vegum OH. Svo virðist sem þessi starfsmannafjöldi sé að anna nokkuð vel þeim verkefnum sem eru inn á borði veitunnar í dag, í hópnum ríkir góður starfsandi og samstaða og markmiðin eru skýr. Starfsmannafélag OH var stofnað á árinu sem, eftir lýðræðislega kosningu fékk nafnið „Arnviður“. Starfsmannafélaginu er ætlað að efla enn frekar þann félagsanda og starfsánægju sem ríkt hefur innan starfsmannahóps OH.

Unnið er skv. rammasamkomulagi sem felur í sér að veitustjóri er framkvæmdafulltrúi sveitarfélagsins og sér um daglegan rekstur veitna, ásamt því að þeir starfsmenn Orkuveitunnar sem sjá um viðhald og framkvæmdir teljast starfsmenn þjónustumiðstöðvar Norðurþings. Bókhald, innheimta og uppgjör er skv. þeim samningi rekið innan fjármálasviðs Norðurþings.

## STYRKVEITINGAR

Í gildi er 3ja ára samstarfs- og styrktarsamningur milli Orkuveitu Húsavíkur ohf og íþróttafélagsins Völsungs. Markmið Orkuveitunnar er að styðja Völsung í íþrótt- og uppeldishlutverki sínu auk þess að skapa jákvætt viðhorf til fyrirtækisins á starfssvæði félagsins.

OH styrkti Kiwanis á árinu til kaupa á flugeldum og til uppsetninga flugeldasýninga sem fóru fram í kringum áramótin. Unnið er skv. 3ja ára styrktarsamningi við klúbbinn til þess að gera honum kleift að sinna því starfi áfram.


Orkuveita Húsavíkur ohf er aðili að styrktarsamningi við Lista- og menningarsjóð Norðurþings. Með því mun Orkuveitan vísa umsóknum um lista- og menningarmál til sjóðsins.

Orkuveita Húsavíkur ohf veitti að auki fjölmarga styrki á árinu til smærri verkefna, innan sem utan nærsamfélagsins.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Orkuveitu Húsavíkur ohf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Orkuveitu Húsavíkur ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Húsavík, 30. apríl 2019

Í stjórn:

  
Sif Jónsdóttir  
Bergur Elia Agústsson

Framkvæmdastjóri:



## Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur .....	3	359.055.593	359.334.142
Aðrar tekjur .....		18.358.787	63.567.483
Lífeyrisskuldbinding .....	4	7.487.558	(8.380.970)
Annar rekstrarkostnaður .....		(166.849.702)	(203.214.231)
Afskriftir fastafjármuna .....	7	(158.062.024)	(106.929.529)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<b>59.990.212</b>	<b>104.376.895</b>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	5	(3.014.984)	30.556.913
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		<b>56.975.228</b>	<b>134.933.808</b>
Tekjuskattur .....	6	(5.815.501)	(14.202.251)
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>51.159.727</b>	<b>120.731.557</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	1.377.951.451	1.448.284.654
Eignarhlutir í dótturfélögum .....	8	41.723.407	41.619.911
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	8	37.531.926	14.674.568
Tekjuskattsinneign .....	14	66.409.683	63.571.575
		<u>1.523.616.467</u>	<u>1.568.150.708</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	9	39.595.085	64.915.794
Markaðsverðbréf .....	10	233.116.357	224.130.977
Aðrar skammtímakröfur .....	9	1.865.832	31.699.511
Handbært fé .....	9	270.123.022	206.027.214
		<u>544.700.296</u>	<u>526.773.496</u>
<b>Eignir</b>		<u>2.068.316.763</u>	<u>2.094.924.204</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
	11		
Hlutfé .....		10.000.000	10.000.000
Lögbundinn varasjóður .....		2.500.000	2.500.000
Eiginfjárreikningur .....		1.894.699.506	1.843.539.779
<b>Eigið fé</b>		<u>1.907.199.506</u>	<u>1.856.039.779</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	12	7.610.451	8.759.776
Lífeyrisskuldbinding .....	13	73.924.072	88.789.902
		<u>81.534.523</u>	<u>97.549.678</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
	15		
Viðskiptaskuldir .....		18.661.535	32.008.651
Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar .....		7.741.518	7.923.601
Næsta árs afborgun langtímaskulda .....		1.691.211	1.592.686
Skuldir við tengd félög .....		42.496.774	42.822.042
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	6	8.653.609	16.795.979
Aðrar skammtímaskuldir .....		338.087	40.191.788
		<u>79.582.734</u>	<u>141.334.747</u>
<b>Skuldir</b>		<u>161.117.257</u>	<u>238.884.425</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>2.068.316.763</u>	<u>2.094.924.204</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins .....		51.159.727	120.731.557
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....		158.062.024	106.929.529
Aðrir liðir .....	16	(14.409.678)	(32.319.509)
<b>Hreint veltufé frá rekstri samtals</b>		<u>194.812.073</u>	<u>195.341.577</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun) .....		55.154.388	(56.989.394)
(Lækkun) hækkun rekstrartengdra skulda:			
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun .....		(61.343.187)	38.820.969
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar .....		(7.560.355)	(7.458.136)
<b>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum samtals</b>		<u>(13.749.154)</u>	<u>(25.626.561)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>181.062.919</u>	<u>169.715.016</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
(Keyptir)/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	(87.728.821)	(153.873.107)
(Keypt)/seld markaðsverðbréf .....		0	620.028.000
(Keyptir)/seldir eignarhlutar í dóttur-/hlutdeildarfélögum .....		(27.554.397)	(2.261.456)
(Hækkun)/lækkun á kröfum á tengd félög .....		0	90.949.715
		<u>(115.283.218)</u>	<u>554.843.152</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddur arður .....	11	0	(100.000.000)
Afborganir langtímaskulda .....		(1.358.625)	(592.808.033)
Hækkun/(lækkun) á skuldum við tengd félög .....		(325.268)	42.822.042
		<u>(1.683.893)</u>	<u>(649.985.990)</u>
Hækkun handbærs fjár .....		64.095.808	74.572.178
Handbært fé í upphafi árs .....		206.027.214	131.455.036
Handbært fé í lok árs .....		<u>270.123.022</u>	<u>206.027.214</u>

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Orkuveita Húsavíkur ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Orkuveita Húsavíkur ohf. vinnur og framleiðir varma og kalt vatn ásamt dreifingu og sölu á hvoru tveggja. Að auki sér félagið um uppbyggingu og rekstur fráveitukerfa ásamt hverri þeirri starfssemi annari sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins svo sem iðnaþróun og nýsköpun af hverju tagi ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2018	2017	31.12.2018	31.12.2017
Evra (EUR) .....	129,50	122,43	133,60	125,40
Bandaríkjadalur (USD) .....	110,64	108,88	116,61	104,67

# Skýringar

---

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádrögnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er eignfærður og gjaldfæður á líftíma viðkomandi lána.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur félagsins greinast þannig eftir starfsþáttum:

	2018	2017
Hítaveita .....	230.696.767	201.475.283
Vatnsveita .....	82.360.963	93.144.379
Fráveita .....	45.997.863	64.714.480
	<u>359.055.593</u>	<u>359.334.142</u>

## 4. Lífeyrisskuldbinding

	2018	2017
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	(7.487.558)	8.380.970
	<u>(7.487.558)</u>	<u>8.380.970</u>

Frá og með september 2015 var öllum starfsmönnum félagsins sagt upp og þeir ráðnir til starfa hjá sveitarfélaginu Norðurþing, sem tók yfir alla umsýslu, viðhaldvinnu og rekstarumsjón þess. Tilgangur þessara breytinga er að ná fram hagræðingu með því að auka framlegð starfsmanna sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2018	2017
Vaxtatekjur .....	14.734.265	24.846.189
Vaxtagjöld .....	(13.299.610)	(2.603.746)
Gengismunur .....	143.904	6.597.988
Afkoma eignarhluta í öðrum félögum .....	(4.593.543)	1.716.482
	<u>(3.014.984)</u>	<u>30.556.913</u>

# Skýringar

## 6. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi kr. 5.815.501. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2019 nemur kr. 8.653.609.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2018		2017	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta .....	56.975.228		134.933.808	
Skatthlutfall .....	11.395.046	20,0%	26.986.762	20,0%
Leiðrétt tekjuskattsskuldbinding 1.1. ....	0	0,0%	87.479	0,1%
Hlutdeild í afkomu undanþeginni tekjuskatti .....	(6.501.673)	-11,4%	(15.716.093)	-11,6%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags .....	918.709	1,6%	(343.296)	-0,3%
Aðrir liðir .....	3.420	0,0%	3.187.400	2,4%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	5.815.501	10,2%	14.202.251	10,5%

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Veitu- mannvirki	Fasteignir	Vélar, tæki og búnaður	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	2.915.740.124	215.971.369	34.032.881	3.165.744.374
Eignfært á árinu .....	78.921.750	0	8.807.071	87.728.821
Selt og aflagt á árinu .....	(54.090.333)	0	0	(54.090.333)
Staða í árslok .....	2.940.571.541	215.971.369	42.839.952	3.199.382.862
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	1.588.345.736	106.626.928	22.487.056	1.717.459.720
Afskrift ársins .....	146.490.153	8.637.945	2.933.926	158.062.024
Selt og aflagt á árinu .....	(54.090.333)	0	0	(54.090.333)
Staða í árslok .....	1.680.745.556	115.264.873	25.420.982	1.821.431.411
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	1.327.394.388	109.344.441	11.545.825	1.448.284.654
Bókfært verð í árslok .....	1.259.825.985	100.706.496	17.418.970	1.377.951.451
Afskriftarhlutföll .....	1-10%	4-10%	4-15%	

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Fasteignir og lóðir .....	147.142.000	429.690.319
Vélar og tæki, eignatryggingar .....		370.081.900
Viðlagatrygging .....		5.875.197.000



# Skýringar

## 8. Eignarhlutar í dótturfélögum og öðrum félögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi
<b>Eignarhlutar í dótturfélögum:</b>			
Hítaveita Öxarfjarðarhéraðs hf. ....	50,77%	33.000.500	Hítaveita
<b>Eignarhlutar í öðrum félögum</b>			
Hrafnbjargarvirkjun hf. ....	48,75%	16.331.250	Uppbygging raforkuvera
Íslensk orka ehf. ....	31,45%	1.828.835	Orkuöflun og nýting orku
Sjóböð ehf. ....	13,78%	2.252.042	Bygging og rekstur sjóbaða
Mýsköpun ehf. ....	5,00%	500.000	Nýsköpun og atvinnuþróun

### Eignarhlutar í dótturfélögum:

	2018	2017
Staða í ársbyrjun .....	41.619.911	38.073.302
Hlutdeild í afkomu .....	103.496	3.546.609
Staða í árslok .....	41.723.407	41.619.911

Sundurliðun á hlutdeild í afkomu og eigin fé greinist þannig:

	Afkoma		Eigið fé	
	2018	2017	2018	2017
<b>Eignarhlutar í dótturfélögum:</b>				
Hítaveita Öxarfjarðarhéraðs hf. ....	103.496	3.546.609	41.723.407	41.619.911
	103.496	3.546.609	41.723.407	41.619.911
<b>Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:</b>				
Hrafnbjargarvirkjun hf. ....	(274.073)	(1.725.951)	11.968.445	12.242.518
Íslensk orka ehf. ....	(38.538)	(104.176)	837.962	876.500
Sjóböð ehf. ....	(4.384.428)	0	24.225.519	1.055.550
	(4.697.039)	(1.830.127)	37.031.926	14.174.568
Samtals dóttur- og hlutdeildarfélög .....	(4.593.543)	1.716.482	78.755.333	55.794.479

## 9. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Innlendar viðskiptakröfur .....	45.795.085	70.415.794
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	(6.200.000)	(5.500.000)
	39.595.085	64.915.794

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	31.12.2018	31.12.2017
Staða í ársbyrjun .....	(5.500.000)	(6.500.000)
Gjaldfært á árinu.....	(700.000)	1.000.000
Staða í árslok .....	(6.200.000)	(5.500.000)

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

# Skýringar

## 9. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Virðisaukaskattur .....	731.259	24.181.294
Fjármagnstekjuskattur .....	1.134.573	7.518.217
	<u>1.865.832</u>	<u>31.699.511</u>

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2018	31.12.2017
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum .....	268.798.570	204.850.150
Óbundnar bankainnstæður í erlendri mynt .....	1.324.452	1.177.064
	<u>270.123.022</u>	<u>206.027.214</u>

## 10. Markaðsverðbréf

	2018	2017
Staða í ársbyrjun .....	224.130.977	830.951.462
Selt á árinu .....	0	(620.028.000)
Verðbreytingar .....	8.985.380	13.207.515
Staða í árslok .....	<u>233.116.357</u>	<u>224.130.977</u>

## 11. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok .....	10.000.000	100,0%	10.000.000
	<u>10.000.000</u>	<u>100,0%</u>	<u>10.000.000</u>

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 10.000.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2017 .....	10.000.000	2.500.000	1.822.808.222	1.835.308.222
Greiddur arður .....			(100.000.000)	(100.000.000)
Hagnaður ársins .....			120.731.557	120.731.557
Eigið fé 1.1.2018 .....	10.000.000	2.500.000	1.843.539.779	1.856.039.779
Hagnaður ársins .....			51.159.727	51.159.727
Eigið fé 31.12.2018 .....	<u>10.000.000</u>	<u>2.500.000</u>	<u>1.894.699.506</u>	<u>1.907.199.506</u>

# Skýringar

## 12. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2018	31.12.2017
Skuldir í ISK .....	9.301.662	10.352.462
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	9.301.662	10.352.462
	(1.691.211)	(1.592.686)
Langtímaskuldir í árslok .....	7.610.451	8.759.776

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir
Næsta árs afborganir .....	1.691.211
Afborganir 2020 .....	1.691.211
Afborganir 2021 .....	1.691.211
Afborganir 2022 .....	1.691.211
Afborganir 2023 .....	1.691.211
Afborganir síðar .....	845.607
	9.301.662

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

	31.12.2018	31.12.2017
Skuldir við lánastofnanir.....	6,05%	6,05%

## 13. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við starfsmenn félagsins. Samkvæmt tryggingafræðilegu mati nemur skuldbindingin 81,7 milljón króna í árslok 2018 og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram hækkunir á verðlagi. Lækkun skuldbindingarinnar á árinu, 15,0 milljónir króna, er færð til tekna í rekstrarreikningi meðal launa og tengdra gjalda. Sá hluti skuldbindingarinnar sem kemur til greiðslu á næsta ári nemur 7,7 milljónum króna og er færður meðal annarra skammtímaskulda.

	2018	2017
Staða í ársbyrjun .....	96.713.503	99.823.116
Greiddar lífeyrisskuldbindingar á árinu .....	(7.560.355)	(7.458.136)
Reiknuð hækkun (lækkun) lífeyrisskuldbindingar á árinu .....	(7.487.558)	4.348.523
Staða í árslok .....	81.665.590	96.713.503
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	7.741.518	7.923.601
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	73.924.072	88.789.902
Staða í árslok .....	81.665.590	96.713.503

# Skýringar

## 13. Lífeyrisskuldbinding (framhald)

Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga í árslok greinast þannig á næstu ár:

Til greiðslu 2019 - 2023 .....	22.118.622
Til greiðslu 2024 - 2028 .....	19.445.453
Til greiðslu 2029 - 2033 .....	15.530.582
Til greiðslu 2034 og síðar .....	24.570.935
	<u>81.665.592</u>

## 14. Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding)

	Inneign/ (skuldbinding)
Staða 1.1.2017 .....	60.977.847
Leiðrétting á tekjuskattsinneign 1.1.2017 .....	(87.478)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2017 .....	(17.748.544)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2018 .....	<u>20.429.750</u>
Staða 1.1.2018 .....	63.571.575
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2018 .....	(5.815.501)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2019 .....	<u>8.653.609</u>
Staða 31.12.2018 .....	<u>66.409.683</u>

Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2018	31.12.2017
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	49.757.989	51.161.700
Lífeyrisskuldbinding .....	16.333.118	19.342.701
Viðskiptaktöfur .....	777.629	395.842
Aðrir liðir .....	<u>(459.053)</u>	<u>(7.328.667)</u>
	<u>66.409.683</u>	<u>63.571.575</u>

## 15. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	31.12.2018	31.12.2017
Innlendar viðskiptaskuldir .....	18.230.000	31.577.116
Erlendar viðskiptaskuldir .....	431.535	431.535
	<u>18.661.535</u>	<u>32.008.651</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2018	31.12.2017
Ógreiddir áfallnir vextir .....	225.100	238.351
Ógreiddur kostnaður .....	0	39.840.450
Aðrar skuldir .....	<u>112.987</u>	<u>112.987</u>
	<u>338.087</u>	<u>40.191.788</u>

# Skýringar

## 15. Aðrar peningalegar skuldir

### Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2018	31.12.2017
Skuldir við lánastofnanir .....	1.691.211	1.592.686
Lífeyrisskuldbinding .....	7.741.518	7.923.601
	<u>9.432.729</u>	<u>9.516.287</u>

## 16. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi greinast þannig.

	31.12.2018	31.12.2017
Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum .....	307.825	(19.150.307)
(Hækkun)/lækkun á markaðsverðbréfum .....	(8.985.380)	(13.207.515)
Afkoma eignarhluta í öðrum félögum .....	4.593.543	(1.716.482)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	(7.487.558)	4.348.523
Breyting á tekjuskattsinneign .....	(2.838.108)	(2.593.728)
	<u>(14.409.678)</u>	<u>(32.319.509)</u>

## 17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2018:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Norðurþing, móðurfélag .....	96.906.896	41.547.735		42.496.774
	<u>96.906.896</u>	<u>41.547.735</u>	<u>0</u>	<u>42.496.774</u>
Viðskipti við tengd félög árið 2017:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Norðurþing, móðurfélag .....	83.889.524	40.112.349		42.822.042
	<u>83.889.524</u>	<u>40.112.349</u>	<u>0</u>	<u>42.822.042</u>

## 18. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum 30. apríl 2019.

# Skýringar

## 19. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi:	2018	2017	2016
<b>Arðsemi</b>			
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) .....	218.052.236	211.306.424	196.975.190
a) Framlegðarhlutfall rekstrar .....	0,61	0,59	0,56
b) Hagnaðarhlutfall .....	0,14	0,34	0,59
c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS) .....	5,12	12,07	20,58
d) Arðsemi eigin fjár .....	0,03	0,07	0,12
a) EBITDA/rekstrartekjur			
b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur			
c) Hagnaður/nafnverð hlutafjár			
d) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár			
<b>Úr efnahagsreikningi:</b>	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>	<b>30.12.2016</b>
<b>Nýting fjármagns</b>			
f) Veltuhraði eigna .....	0,17	0,17	0,13
h) Veltuhraði viðskiptakrafna .....	6,87	7,77	10,99
f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna			
h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna			
<b>Greiðsluhæfi</b>			
j) Veltufjárlutfall .....	6,84	3,73	18,46
j) Veltufjármunir/skammtímaskuldir			
<b>Fjárhagslegur styrkur</b>			
k) Eiginfjárlutfall .....	0,92	0,89	0,70
l) Innra virði hlutafjár .....	190,72	185,60	183,53
k) Eigið fé/heildarfjármagn			
l) Eigið fé/hlutafé			
<b>Úr sjóðstreymi ársins:</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>
m) Skuldaþekja handbærs fjár .....	1,12	0,71	0,25
o) Gæði afkomu .....	3,54	1,41	0,93
p) Gæði rekstrarhagnaðar .....	2,79	1,38	1,93
m) Handbært fé frá rekstri/skuldir			
o) Handbært fé frá rekstri/hagnaður			
p) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður			
<b>Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>	<b>Breyting</b>
Lífeyrisskuldbinding/rekstrartekjur .....	-2,09%	2,33%	-4,42%
Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur .....	46,47%	56,55%	-10,08%
Afskriftir/rekstrartekjur .....	44,02%	29,76%	14,26%
<b>Rekstrargjöld/rekstrartekjur</b>	<b>88,41%</b>	<b>88,64%</b>	<b>-0,24%</b>

# Skýringar

## 20. Sjóðstreymisyfirlit

	2018	2017	2016	2015	2014
Hagnaður (tap) ársins.....	51.159.727	120.731.557	205.782.147	164.501.657	104.763.531
Afskriftir.....	158.062.024	106.929.529	96.695.471	81.684.757	81.992.368
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	(11.571.570)	(29.725.781)	(129.499.002)	(83.537.360)	(19.819.439)
Aðrar breytingar.....	(2.838.108)	(2.593.728)	16.147.419	10.700.434	11.890.053
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>	<b>194.812.073</b>	<b>195.341.577</b>	<b>189.126.035</b>	<b>173.349.488</b>	<b>178.826.513</b>
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum.....	55.154.388	(56.989.394)	(9.732.902)	624.739	3.462.446
Rekstrartengdum skuldum.....	(68.903.542)	31.362.833	12.166.173	(11.685.004)	5.504.814
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>181.062.919</b>	<b>169.715.016</b>	<b>191.559.306</b>	<b>162.289.223</b>	<b>187.793.773</b>

# Sundurliðanir

	2018	2017
<b>Rekstrartekjur</b>		
Orkusala .....	230.696.767	201.475.283
Vatnsveita .....	82.360.963	93.144.379
Fráveita .....	45.997.863	64.714.480
	<u>359.055.593</u>	<u>359.334.142</u>
<b>Aðrar tekjur</b>		
Leigutekjur .....	2.544.600	4.600.030
Aðrar tekjur .....	15.814.187	58.967.453
	<u>18.358.787</u>	<u>63.567.483</u>
<b>Laun og annar starfsmannakostnaður</b>		
Breyting á líffeyrisskuldbindingu .....	(7.487.558)	8.380.970
	<u>(7.487.558)</u>	<u>8.380.970</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Aðkeypt efni og vinna til endursölu .....	438.427	944.820
Rafmagn og hiti .....	24.461.702	49.326.516
Viðhald húsnæðis .....	181.671	14.597
Vinna starfsmanna - sala deilda .....	(9.287.820)	(2.548.860)
Vátryggingar .....	2.682.206	2.795.749
Fasteignagjöld .....	3.418.480	3.240.927
Annar húsnæðiskostnaður .....	558.617	49.959
Aðkeyptur akstur .....	62.851	201.587
Rekstur bifreiða .....	842.050	753.631
Smááhöld .....	1.248.172	1.647.416
Viðhald áhalda og tækja .....	12.754.703	13.538.549
Styrkir og auglýsingar .....	1.231.203	17.466.669
Ferðakostnaður .....	221.302	176.464
Áhöld og tæki .....	3.842.605	3.724.100
Opinber gjöld, félagsgjöld og eftirlitgjöld .....	833.480	760.323
Funda- og viðskiptakostnaður .....	188.000	116.800
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur .....	1.473.913	(118.434)
Annar starfsmannakostnaður .....	1.126.517	977.788
Skrifstofukostnaður .....	97.045.806	83.308.560
Verktakar .....	21.175.915	24.804.129
Sérfræðipjónusta .....	2.349.902	2.032.941
	<u>166.849.702</u>	<u>203.214.231</u>